

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ~~fjármála fyrirtæki~~, 247. mál.

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar frá 21. nóvember 2002 er óskað eftir umsögn Kauphallar Íslands hf. um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 347. mál. Kauphöllin styður frumvarpið en vill þó við þetta tækifæri vekja athygli á eftirfarandi:

Kauphöllin telur að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar ákvæði laga um yfirtökutilboð, einkum með tilliti til þess hvenær tilboðsskylda stofnast. Núgildandi ákvæði um yfirtökur er að finna í lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og hafa þau verið tekin upp að mestu efnislega óbreytt í VI. kafla frumvarpsins. Í þessu sambandi bendir Kauphöllin á að sá þröskuldur sem tilboðsskylda stofnast við hér á landi er lægri en þekktist í helstu nágrannalöndum okkur. Í Noregi og Svíþjóð stofnast tilboðsskylda við 40% á meðan hún stofnast við 33% í Danmörku. Þá eru komin fram á vettvangi Evrópusambandsins ný drög að tilskipun um yfirtökutilboð, en um nokkurt skeið hefur staðið til samræming reglna um yfirtökutilboð á vettvangi Evrópusambandsins. Í tillögunni að yfirtökutilskipun er ekki kveðið á með því að nefna prósentu hvenær yfirtökuskylda stofnast, heldur ber aðildarríkjum að setja reglur sem skylda þann aðila sem hefur náð yferráðum í félagi (control of the company) til að gera yfirtökutilboð. Þann skilning verður að leggja í orðalagið yferrád í þessu samhengi að tilboðsskylda geti stofnast áður heldur en viðkomandi hefur eignast meirihluta í félagi.

Í 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um það að Fjármálaeftirlitið skuli hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Þó er í greininni kveðið á um það að kauphallir skuli annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, enda er hún tekin gild sem útboðslýsing. Þá segir að Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á öðrum útboðslýsingum en þeim sem kveðið er á um í 2. málsli. Í þessari grein er í raun kveðið á um það að Fjármálaeftirlitið geti heimilað skipulegum tilboðsmörkuðum að fara yfir útboðslýsingar. Kauphöllin telur ekki ástæðu til að gera ráð fyrir öðru fyrirkomulagi við athugun á skráningarlýsingum útgefenda á skipulegum tilboðsmarkaði annars vegar og í kauphöll hins vegar. Því leggur Kauphöllin til að ákvæði 2. mgr. 25. gr. verði svohljóðandi:

"Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Þó skulu kauphallir annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll, enda eru þær (hún í frumvarpinu) teknar gildar sem útboðslýsingar. Þá skulu kauphallir sem hafa heimild til reksturs skipulegs tilboðsmarkaðar annast athugun á skráningarlýsingum þegar óskað er eftir skráningu á viðkomandi skipulegan tilboðsmarkað, enda eru þær teknar gildar sem útboðslýsingar."

Tillaga Kauphallarinnar mun ekki hafa áhrif á nógildandi framkvæmd.

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson  
Lögfræðingur/Head of Legal Affairs  
e-mail: olafur.a.sigurdsson@icex.is